

Davíð Stefánsson frá Fagraskógi



*Gler glatast og týnst,
gullið í súginn fer.
Stálið er málmurinn mikli,
sem meistarinn valdi sér.*

Davíð Stefánsson

Katerina Bilkovicová


Æviágrip

Davíð Stefánsson er eitt ástsælasta ljóðskáld og rithöfundur á Íslandi á fyrri hluta 20. aldar.

Hann er oft kallaður Davíð Stefánsson frá Fagraskógi, því hann fæddist í Fagraskógi við Eyjafjörð. Hann kenndi sig alla ævi við heimabæ sinn og varð því heitið Fagraskógur hluti af skáldanafni hans (Davíð Stefánsson, 2024).



Fagriskógur á Galmaströnd í Eyjafirði



Fagriskógur á kortinu

Davíð Stefánsson fæddist árið 1895 og lauk námi í **gagnfræðaskólanum** á Akureyri árið 1911.

Hann frestaði inngöngu í menntaskóla vegna heilsubreysts og árin 1915 – 1916 dvaldist hann í **Kaupmannahöfn**.


Þar komst hann á skrið sem skáld. Hann stofnaði þar **Ljóðafélagið Boðn** og ljóð hans birtust í tímaritum..

Árið 1916 var í fyrsta sinn sem skáldið Davíð **kom út á prenti**, þegar kvæðin *Komdu, Brúðarskórnið, Allar vildu meyjamar, Léttúðinn* og *Hrafnamóðirin* voru gefin út í **Eimreiðinni**.

Vorið 1919 lauk Davíð **stúdentsprófi** í Menntaskólanum í Reykjavík.

Síðar árin 1919 – 1920 lærði hann **heimspeki** og starfaði sem **ritari** á Alþingi.

Á árunum 1922-1924 **kenndi hann sögu** í Gagnfræðaskólanum á Akureyri (Davíð Stefánsson, 2024).



tímarit Eimreiðin



Davíð Stefánsson og móðir hans,
Ragnheiður Davíðsdóttir




Davíð Stefánsson
á yngri árum

Davíð Stefánsson ferðaðist víðs vegar um Evrópu, árið 1920 til Kaupmannahafnar, 1920 - 1921 til Ítalíu og árið 1923 til Noregs.

Ljóðin í tveimur bóka hans, *Kvæðum* frá 1922 og *Kveðjum* frá 1924, eru innblásin af ferðalögum hans.



Eins og aðrir listamenn hafði hann pólitískar skoðanir. Einar Olgeirsson, einn stofnenda Kommúnistaflokks Íslands, fékk Davíð til að slást í för með sendinefnd til Sovétríkjanna 1928 en honum mislíkaði iðkun sósíalisma þar og var orðinn afhuga honum (Davíð Stefánsson, 2024).



Árið 1924 hélt Davíð til Noregs og dvaldi þar í nokkra mánuði. Árið 1925 flutti hann til Akureyrar og vann sem bókaforður við Amtsbókasafnið þar allt til 1951.



Atómsbókasafnið á gamla daga



Atómsbókasafnið í dag

Árið 1944 fluttist Davíð í hús sem hann reisti sér við Bjarkarstíg. Þar bjó hann til dánardags, sem voru tæplega tuttugu ár. (Davíð Stefánsson, 2024)



hús nr. 6 við Bjarkastíg á Akureyri



100 ár birtingu fyrstu ljóða Davíðs Stefánssonar, myndband frá 2016 tekið upp í Davíðshúsi

Davíð Stefánsson lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, þann 1. mars 1964, 69 ára að aldri.

Seinustu árin hafði Davíð átt við veikindi að stríða og hafði kennt sér hjartameins sem að lokum leiddi hann til dauða. Akureyrarbær lét gera útför hans eins virðulega og mögulegt var og fór hún fram frá Akureyrarkirkju, þann 9. mars 1964. Mikið fjölmenni fylgdi Davíð seinasta spölinn. Hann var jarðsettur í kirkjugarðinum í sveitinni heima, að Möðruvöllum í Hörgárdal (Stefán Friðrik Stefánsson, 2005).



*um útför Davíðs Stefánsson,
tímarit Dagur, 11.3.1964*



*Ættingjar bera kistuna út í Fagraskögi,
tímarit Dagur, 11.3.1964*



Möðruvallakirkja í dag

Davíðshús

Bjarkarstígur 6, betur þekkt sem Davíðshús var byggt árið 1944. Húsið lét hann byggja eftir teikningu Harðar Bjarnasonar húsameistara. Davíð byggði og bjó í húsinu til dauðadags 1964.

Í dag er húsið notað sem safn, skáldahús og á neðri hæð hússins er gestaíbúð fyrir lista- og fræðimenn sem geta fengið að dvelja þar í allt að mánuð í senn. Safnið er opið þriðjudaga - laugardaga frá 1. júní til 31. ágúst kl. 13:00 - 17:00, og er mjög gaman og fróðlegt að fara skoða það (Davíð Stefánsson, 2017). Símanúmerið á safnið er 462 4162.



Bókasafn Davíðs er eitt merkasta bókasafn landsins í einkaeigu. Þar var opnað á efri hæð hússins á afmæli skáldsins 1965, og er íbúð hans varðveitt eins og hann skildi við hana. Davíð var fagurkeri, lista- og bókasafnari. Davíðshús sýnir greinilega smekk hans, er fullt af bókum, listaverkum og fallegum persónulegum munum (Minjasafnið á Akureyri, e.d.).




Davíð skreytti auðvitað híbýli sín eins og aðrir. Sumt fékk þó að standa lengur en jólin. Þannig stóðu borðskreytingin og jólatréð enn á sínum stað þegar skáldið féll frá 1. mars 1964. Davíð var hins vegar búinn að ganga frá jólabjöllunni og jólalega lampanum inn í skáp í borðstofunni (Haraldur Þór Egilsson, 2021).



Verk Davíðs

Í verkum Davíðs eru tíu ljóðabækur, fjögur leikrit, skáldsaga og ritgerðabók (Davíð Stefánsson, 2024).


Fyrsta ljóðabók hans, ***Svartar Fjaðrir***, kom út árið 1919. Bókin öðlaðist viðurkenningu og hún skapaði orðstír unga höfundarins. Þekktasta ljóðið í bókinni *Svartar Fjaðrir* er ***Mamma ætlar að sofna***. Fáar íslenskar ljóðabækur hafa náð þvílíku flugi og *Svartar fjaðrir*, sem hafa verið gefnar út 13 sinnum síðast árið 2011 og stendur til að endurútgefa á þessu ári (Haraldur Þór Egilsson, 2025).



Mamma ætlar að sofna, syngur Svavar Knútur

Önnur ljóðabók Davíðs kom út árið 1922 og ber nafnið **Kvæði**. Næsta voru **Kveðjur**, sem komu út árið 1924, **Ný kvæði** frá 1929 og **Í byggðum**, sem komu út árið 1933.

Árið 1936 kom út ein þekktasta ljóðabók Davíðs, **Að Norðan**, og telst hún marka mikil þáttaskil í ferli hans. *Að norðan* markaðist vissulega af því að Davíð fór eigin leiðir í yrkisefnum og leitaði sífellt meir til fortíðar í yrkisefnum og hugsunum í ljóðlist. Vinsældir hans voru mestar á þessu tímabili og má fullyrða að bókina *Að norðan* hafi átt stóran þátt í hversu vel hann festist í sessi sem eitt helsta ljóðskáld aldarinnar. Eitt þekktasta kvæði bókarinnar er **Þú komst í hlaðið** (Stefán Friðrik Stefánsson, 2005).



Þú komst í hlaðið á hvítum hesti,
þú komst með vor í augum þér.
Ég söng og fagnaði góðum gesti
og gaf þér hjartað í brjósti mér.

Ég heyri á lengdar hófadyninn,
ég horfi langt á eftir þér.
Og hjart er alltaf um besta vininn
og blítt er nafn hans á vörum mér.

Þó líði dagar og líði nætur,
má lengi rekja gömul spor.
Þó kuldinn næði um daladætur,
þá dreymir allar um sól og vor

Davíð fór síðan meira að prófa sig áfram við leikritagerð og skáldsagnaritum (WordPress.com, 2017).

Skáldsaga hans **Sólon Íslandus** kom út árið 1940 og sagan fjallar um Sölva Helgason, flakkara í Íslandssögunni.

Árið 1941 var frumsýnt leikritið **Gullna hliðið**. Leikritið er byggt á þjóðsögunni „Sálin hans Jóns míns“ og varð ákaflega vinsælt víða um land.



Gullna Hliðið, Sjónvarpsmynd frá 1984



Verkið **Gullna hliðið** er eitt af þekktustu og vinsælustu leikritum sem skrifuð hafa verið á Íslandi. Þessi bráðskemmtilegi alþýðuleikur hverfist um persónu kerlingar einnar sem má ekki til þess hugsa að nýlátinn eiginmaður hennar hljóti vist í Helvíti. Hún leggur því á sig langt og strangt ferðalag til þess að koma „sálinni hans Jóns“ inn í Himnaríki. Á leiðinni mætir hún ýmsum persónum úr lífi hins annálaða syndasels og verður smám saman ljóst að það mun ekki reynast þrautalaust að koma sál hans inn fyrir hið gullna hlið (Menningarfélag Akureyrar, 2014) .

Árið 1947 gaf Davíð síðan út aðra ljóðabók sem bar nafnið **Nýja kvæðabókin**.

Davíð var alltaf heilsuveill. Hann veiktist reyndar á þessum tíma svo alvarlega að hann gat ekkert unnið í nokkur ár. Það liðu tæp 10 ár þar til hann gaf út árið 1956 næstu ljóðabók sína, **Ljóð frá liðnu sumri**.

Árið 1960 kom út ljóðabók **Í dögun** og það var það síðasta sem birtist eftir Davíð meðan hann lifði.

Ljóðabók Davíðs **Síðustu ljóð** kom út árið 1966, að honum látnum. Eitt þekktasta ljóðið í bókinni var ljóðið **Vornótt**, þar sem hann yrkir til heiðurs Eyjafirði (Stefán Friðrik Stefánsson, 2005).



Í nótt er gott að gista Eyjafjörð
og guðafriður yfir strönd og vogum.
Í skini sólar skarta haf og jörð
og skýjabólstrar slegnir rauðum logum.

Það veit hver sál, að sumar fer í hönd,
en samt er þögn og kyrrð um mó og dranga,
og hvorki brotnar bára upp við strönd
né bærast strá í grænum hliðarvanga.

Svo ljúft er allt í þessum heiða hyl,
svo hátt til lofts og mjúkur barmur jarðar,
að víst er engin veröld fegri til
en vornótt björt í hliðum Eyjafjarðar.

Bókmenntastefna

Davíð Stefánsson er skáld **nýrómantískrar bókmenntastefnu**, þótt taka beri fram að nýromantík á Íslandi kom oft síðar og stóð lengur en í öðrum Evrópulöndum. Hann einbeitti sér meira að **innra lífi einstaklingsins** en umhverfi mannsins (Davíð Stefánsson, 2024).

Það sem einkenndi ljóð Davíðs Stefánssonar var tilfinningasemi og mælska auk þess sem hann vandaði orðaval og miðlaði tilfinningum **með einföldum orðum** (WordPress.com, 2017).

Hann skrifaði meira **um mannlegt eðli** frekar en mannlegt samfélag og hann hafði unnið hjörtu þúsunda manna. Hann átti svo greiðan aðgang að hjörtum þjóðarinnar að ljóð hans voru strax á hvers manns vörum og hefur engum tekist að leika þennan tón eftir (Súsanna Svavarsdóttir, 2005). **Sterkar tilfinningar** og **miklar andstæður** eru einkennandi fyrir skáldskap Davíðs og það má finna bæði mikla gleði og djúpstæðan harm í ljóðum hans. Hann miðlar því hvað það kostar að vera manneskja. Gleði, sorg, kæti, illska, söknuður, fögnuður, reiði, fyrirgefning, sátt, græðgi, skortur á samúð, ást og höfnun; allt sem manneskjan burðast með í tilfinningakerfinu á lífsleiðinni.



Ástsælasta ljóðskáld þjóðarinnar

Svartar fjaðrir eftir Davíð sló í gegn þegar hún kom út árið 1919. Í ljóðum hans í þessari bók er kynferðislegur kraftur, jafnvel ofsi, sem enginn hefur í raun komist í hálfkvisti við. Davíð er með öðrum orðum umfram allt sexí skáld og eftir öðru að Íslendingar vissu ekki almennilega hvað þeir áttu að gera við slíkan mann eftir að hann náði hylli þjóðarinnar. Davíð hafi gefið ungu konum ljóð sem túlkuðu drauma þeirra og þrár (Salome Friðgeirsdóttir, 2022).



Davíð hafi orðið eitt fyrsta kyntákn íslenskrar menningarsögu. Bókin og höfundurinn voru markaðssettir á þann hátt sem aldrei hefur sést í íslensku bókmenntalífi. Davíð lét taka mynd af sjálfum sér halda á hrafni. Myndin var prentuð sem póstkort og dreifðist víða, eins og myndir af kvikmyndastjörnum (Jón Yngvi Jóhannsson, 2023).

Lög og upptökur


Davíð Stefánsson lagði einnig sitt af mörkum til íslenskrar tónlistarsögu. Þótt hann hafi ekki verið tónlistarmaður kemur hann á ýmsan hátt við íslenska tónlistar (Salome Friðgeirsdóttir, 2021).

Ljóð Davíðs hafa orðið almenningseign og við þau samið fleiri lög en við ljóð nokkurs annars skálds. Og enn eru ljóðin listafólki innblástur (Haraldur Þór Egilsson, 2025).


Alþingishátíðarkantata Páls Ísólfssonar við hátíðarljóð Davíðs var gefin út á plötu árið 1969, þá í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Söngsveitarinnar Fílharmóníu og Karlakórsins Fóstbræðra. Þar af þeim þekktustu er

Brennið þið vitar (Helgi J., 2015).

Árið 1995 kom út platan **Aldarminning**. Á plötunni er að finna þrettán lög. Lögin eru misjöfn að gæðum og söngvaramir túlka ljóðin á misgóðan hátt. Platan byrjar á ágætu lagi Torfa Ólafssonar við **Vorljóð** Davíðs (Hilmar Karlsson, 1995).



*Brennið þið vitar,
lagahöfundur Páll Ísólfsson*




*lag Vorljóð, lagahöfundur
Torfi Ólafsson*



*Konan sem kyndir ofninn minn,
syngur Styrktarsveitin*

Fjölmargar plötur hafa komið út sem hafa að geyma ljóð Davíðs. Fjórar plötur komu út á vegum *Fálkans* árið 1958 með **upplestri Davíðs á eigin verkum**. Fálkinn gaf einnig út „split-plötu“ með upplestri Davíð og Halldórs Laxness árið 1964 undir yfirskriftinni ***Tveir þjóðskörungur íslenskra bókmennta*** (Helgi J, 2015).

Margir tónlistarmenn hafa einnig leitað fanga á annan hátt í smíðju Davíðs, til dæmis eru nöfn hljómsveitanna *Sálarinnar hans Jóns míns* og *Möðruvallamunkanna* beinar skírskotanir í verk hans. Það sama má segja um titil á plötu Sálarinnar, *Gullna hliðið* (Helgi J, 2015).



Davíð Stefánsson skáld frá Fagraskógi – Upplestur úr eigin verkum, Fálkinn 1958



Halldór Laxness og Davíð Stefánsson – Tveir þjóðskörungur íslenskra bókmennta, Fálkinn 1964







Hljómsveitin Möðruvallarmunkarnir frá Akureyri, 1982

Davíðspenninn

Davíðspenninn voru íslensku rithöfundaverðlaunin kennd við Davíð Stefánsson frá Fagraskógi sem *Félag íslenskra rithöfunda* veitti á afmælisdegi skáldsins 21. janúar, frá 1991-1997 árlega til minningar um hann. Davíð Stefánsson var einn af stofnendum félagsins 1945 (Davíð Stefánsson, 2024).

Verðlaunahafar voru

- 1997 - Ólafur Jóhann Ólafsson fyrir *Lávarður heims*
- 1996 - Engin verðlaun veitt
- 1995 - Gunnar Dal fyrir *Að elska er að lifa*
- 1994 - Engin verðlaun veitt
- 1993 - Vigdís Grímsdóttir fyrir *Stúlkan í skóginum*
- 1992 - Guðmundur L. Friðfinnsson fyrir *Þjóðlíf og þjóðhættir*
- 1991 - Kristján Karlsson fyrir *Kvæði 90*



Heimildaskrá

Davíð Stefánsson. (2017, 27. febrúar). *Weebly*. <https://davidstefansson.weebly.com/ljoacuteeth.html>

Davíð Stefánsson. (2024, 15. maí). *Wikipedia*. https://is.wikipedia.org/wiki/Davíð_Stefánsson

Essbald. (2018, 8. september). *Fagriskógur á Galmaströnd*. Áfangar.com. <https://afangar.com/listasaga/fagriskogur/>

Haraldur Þór Egilsson. (2025, 21. janúar). *Davíð Stefánsson*. akureyri.net. <https://www.akureyri.net/is/pistlar/david>

Haraldur Þór Egilsson. (2021, 9. desember). *Fagurkeri á orðsins list og fagra muni*. akureyri.net. <https://www.akureyri.net/is/mannlif/fagurkeri-a-ordsins-list-og-fagra-muni>

Helgi J. (2015, 14. október). *Davíð Stefánsson frá Fagraskógi (1895 – 1964)*. Glatkistan. <https://glatkistan.com/2015/10/14/david-stefansson-fra-fagraskogi/>

Hilmar Karlsonn. (1995, 11. desember). *Ljóðin sem lifa*. Tímarit.is <https://timarit.is/page/2934617#page/n27/mode/2up>

Jón Yngvi Jóhannsson. (2023, 24. maí) *Hvað getið þið sagt mér um Davíð Stefánsson frá Fagraskógi?* Vísindavefurinn. <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=76754#>

Menningarfélag Akureyrar. (2014, 4. júní). *Gullna hliðið sýnt á stóra sviði Borgarleikhúss í haust.*

<https://www.mak.is/is/um-mak/frettir/gullna-hlidid-synt-a-stora-svidi-borgarleikhuss-i-haust-1>

Minjasafnið á Akureyri. (e.d.). *David Stefánsson.* <https://www.minjasafnid.is/en/david-stefansson>

Salome Friðgeirsdóttir. (2022, 1. mars). *Kynferðislegur kraftur, jafnvel ofsi, sem enginn hefur í raun komist í hálfkvisti við.*

Mannlíf.is. <https://gamla.mannlif.is/frettir/kynferdislegur-kraftur-jafnvel-ofsi-sem-enginn-hefur-i-raun-komist-i-halfkvisti-vid/>

Stefán Friðrik Stefánsson. (2005, 27. janúar). *Davíð Stefánsson.* skyjaborgir.blogspot.com.

<https://skyjaborgir.blogspot.com/2005/01/dav-stefnsson.html>

Sússana Svavarsdóttir. (2005, 21. janúar). *Skáld mennskunnar.* visir.is.

<https://www.visir.is/g/20051236286d/skald-mennskunnar>

Tilvitnun.is. (e.d.). *Davíð Stefánsson – Tilvitnanir.* <https://tilvitnun.is/hofundur/davið-stefánsson>

Tímarit.is. (1964, 11. mars). *Davíð Stefánsson.* <https://timarit.is/page/2655920#page/n4/mode/2up>

Tímarit.is. (1964, 11. mars). *Útför Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi.* <https://timarit.is/page/2655916#page/n0/mode/2up>

WordPress.com. (2017, 27. febrúar). *Verk Davíðs.* <https://davidstefanssoncom.wordpress.com/2017/02/27/verk-davids/>